

N gegn Svíþjóð

Dómur frá 20. júlí 2010

Mál nr. 23505/09

3. gr. Bann við pyndingum

Útlendingar. Hælisleitendur. Brottvísun.

1. Málsatvik

Kærandi, N, er afganskur ríkisborgari, fædd árið 1970 og býr í Fagersta í Svíþjóð. Hún sótti um hæli í Svíþjóð stuttu eftir að hún kom til landsins ásamt eiginmanni sínum í ágúst 2004. Þau héldu því fram að þau hefðu sætt ofsóknum í Afganistan þar sem maður N hafði verið virkur félagi í kommúnistaflokki landsins. Hælisumsókn þeirra var hafnað í mars 2005. N kærði niðurstöðuna á þeim grundvelli að hún hefði í millitíðinni slitið sambandi við eiginmann sinn. Af þessum sökum ætti hún á hættu að sæta ofsóknum í Afganistan ef henni yrði gert að snúa þangað aftur. Kæru hennar var synjað. Hún sótti um dvalarleyfi þrisvar og ennfremur um lögskilnað frá eiginmanni sínum. Í umsókn hennar kom m.a. fram að hún hefði hafið sambúð með manni í Svíþjóð þrátt fyrir að lögskilnaður hennar hefði ekki verið staðfestur. Hún væri því í enn meiri hættu en ella á að sæta ofsóknum í Afganistan sneri hún aftur þangað. Öllum umsóknum kæranda var hafnað af sænskum yfirvöldum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði kæru sína á því að brotið væri gegn 3. gr. sáttmálans yrði henni gert að snúa aftur til Afganistan. Af þessum sökum mætti ekki fullnægja ákvörðunum sænskra innflytjendayfirvalda um að senda hana aftur til Afganistan.

Niðurstaða

Dómstóllinn fjallaði um almennt ástand mannréttinda í Afganistan og komst að þeirri niðurstöðu að gögn um þau sýndu ekki ein og sér að brotið yrði gegn réttindum kæranda ef henni yrði gert að snúa aftur til Afganistan. Aftur á móti væru konur í sérstakri hættu í Afganistan ef þær teldust hafa farið út fyrir það hlutverk sem þeim væri stranglega afmarkað í afgönsku samfélagi. Sú staðreynd að N hefði búið í Svíþjóð gæti verið metin svo í Afganistan að hún hefði farið út fyrir tiltekin háttærnismörk. Þá gæti það að kærandi vildi skilnað og bjó ekki lengur með eiginmanni sínum leitt til þess að hún yrði fyrir alvarlegum ofsóknum sneri hún til Afganistan. Dómstóllinn vísaði m.a. til þess að samkvæmt nýsamþykktum lögum í Afganistan væri konum gert að fullnægja kynferðislegum kröfum eiginmanna sinna og væri bannað að yfirgefa heimili sín án samþykkis. Skýrslur sýndu að um 80% afganskra kvenna þyrftu að þola ofbeldi heima fyrir sem afgönsk stjórnvöld litu á sem lögmætt ofbeldi sem ekki yrði ákært fyrir. Réttindi kvenna sem ekki nytu verndar karlmanns, eða væru einhleypar, væru afar takmörkuð og þær væru útilokaðar frá þátttöku í afgönsku samfélagi. Þær gætu ekki aflað sér lífsviðurværis nema þær nytu verndar skyldmennis sem væri karlmaður.

Í ljósi framangreinds og með tilliti til sérstakra aðstæðna í þessu máli taldi dómstóllinn að ástæða væri til að ætla að kærandi yrði að þola meðferð sem félli undir 3. gr. sáttmálans af hálfu eiginmanns, fjölskyldu og afgansks samfélags yrði henni gert að snúa aftur til Afganistan. Framkvæmd úrskurðar sænskra yfirvalda myndi því fela í sér brot gegn 3. gr. sáttmálans.